



Febrúar 2023

HVATARBLAÐIÐ

Takk

Þorrablótsnefndin 2021-2023

þakkar öllum sem komu á blótið fyrir
frábæra kvöldstund.

Þorrablótsnefnd 2024:

Dóri og Sandra
Miðengi

Anna Margrét og Gústi
Stærri-Bæ

Jónsi og Sunna
Öldubbyggð

Radda og Matti
Borg

Gangi ykkur vel og góða skemmtun!

Aðalfundur Kvenfélags Grímsneshrepps 2023

Laugardaginn 25. febrúar kl. 11:00
í Félagsheimilinu Borg

Dagskrá:

- 11:00** Fundarsetning – kosning fundarstjóra
- 11:05** Skýrsla stjórnar – formaður
- 11:15** Fundargerð síðasta aðalfundar – ritari
- 11:20** Reikningar félagsins – gjaldkeri
- 11:30** Skýrslur nefnda
 - Sumarbústaðarnefnd
 - Húsnefnd
- 11:45** Lagabreytingar
- 12:00** Kosningar
 - Gjaldkeri
 - 2 skoðunarmenn reikninga
 - 3 í varastjórn
- Fulltrúar og varafulltrúi á ársfund SSK 29. apríl á Borg
- Sumarbústaðarnefnd
- Laganefnd
- 12:15** Veitingar
- 12:35** Inntaka nýrra félaga
- 12:40** Önnur mál
 - Umræða um erfikaffi
 - Viðburðadagatal félagsins
 - Ársfundur SSK á Borg 29. apríl



Minum á 2000 kr. í kaffisjóð.
Allar konur velkomnar.

Laust starf í hesthúsateyminu okkar



Í Friðheimum er stunduð hrossarækt, tamningar og þjálfun og gestum boðið að heimsækja hesthúsið og upplifa íslenska hestinn. Að auki eru þar ræktaðir tómatar allan ársins hring. Við tökum líka á móti gestum, sýnum þeim tómataræktunina og bjóðum upp á matarupplifun byggða á tómtum sem gestir sitja við hliðina á.

Starfskröfur

Við leitum að einstaklingi sem er **vanur knapi**, helst með **keppnisreynslu** og sem þekkir íslenska hestinn vel. Einstaklingurinn þarf að sýna **fagmennsku** og **jákvæðni**, vera **skipulagður** og eiga auðvelt með að **vinna sjálfstætt**.

Starfslýsing

Við leitum að 1-2 reyndum knöpum til að ganga til liðs við hesthúsateymið okkar

Vinnan felst í **tamningu** og **þjálfun hesta**, almennri hesthúsavinnu og **umhirðu** ásamt **ferðaþjónustustörfum**, að taka á móti gestum í **hesthúsaheimsóknir** og **hestasýningar**.

Laust frá febrúar / mars og fram til október, með möguleika á framtíðarstarfi.

Við hvetjum þá sem hafa reynslu til og þekkingu á hestum að sækja um. Menntun er ekki skilyrði.

Við bjóðum uppá

Þjálfunaraðstöðu með inniaðstöðu og hringvelli.
Vaktavinnu - 6 vinnudagar og 3 frídagar. Hægt að ræða aðra möguleika.
Laun í samræmi til kjarasamninga.
Möguleiki á húsnæði.



Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á fridheimar@fridheimar.is

Vinsamlegast látið fylgja með ferilskrá með mynd og meðmælum, ásamt hvenær hægt væri að hefja störf.

Sauðfjárræktarfélagið Barmur

Aðalfundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

mánudaginn 27. febrúar kl. 20:00


Venjuleg aðalfundarstörf.

Minnum á að félagsgjöldin verða innheimt á fundinum.

Stjórnin



Saumakompan



TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALÐAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



Nýja heilsueflandi þemað er Heilbrigðir lifnaðarhættir og sjálfbærni.

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og stýrihópur heilsueflandi samfélags hafa nú sett saman stutta könnun þar sem íbúar og gestir sveitarfélagsins geta komið með tillögu að verkefnum og aðgerðum tengdum þessu þema. Hlekk á könnunina er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is og á facebooksíðu sveitarfélagsins. Við hvetjum fólk til að taka þátt og aðstoða okkur þannig við að búa til heilsusamlegt samfélag sem kemur til móts við þarfir fólksins.

Ef einhverjar spurningar eru um spurningalistann eða annað tengt heilsueflandi samfélagi má hafa samband við heilsu- og tómstundafulltrúa á netfangið gudrunasa@gogg.is eða í síma 4805515.



HEIMSMARKMIÐIN
um sjálfbæra þróun

Unglingastig Kerhólsskóla

ÁRSHÁTÍÐARUNDIRBÚNINGUR

Við á unglingastigi erum búin að vera í árhátíðarundirbúningi síðan fyrir jól. Við höfum unnið í leikmynd, búningum, auglýsingum og ýmsu öðru. Svo erum við búin að vera að æfa mikið fyrir árhátíðina, bæði leik, söng og dans.



MENNINGARFERÐ/SMIÐJUDAGAR

Fyrstu smiðjudagar skólaársins voru haldnir í Reykholti 15. og 16. september. Þá var boðið upp á margar smiðjur en þetta voru smiðjurnar sem nemendur í Kerhólsskóla völdu: fimleika og crossfit smiðju, heimilisfræðismiðju, tálgunarsmiðju, leiklistarsmiðju, boltasmiðju, hljómsveitarsmiðju og rafíþróttasmiðju. Svo voru samtökin 78 með hinseginfræðslu. Flúðaskóli bættist við í smiðjudaga á þessu skólaári svo að núna eru töluvert fleiri krakkar en áður. Svo fórum við í menningarferð fyrir jól. Þá fórum við og gistum í Reykjavík og heimsótti 10. bekkur Tækniskólann og RÚV á meðan 8. og 9. fóru á fyrirlestur hjá Kvan og heimsóttu Þjóðleikhúsið eða Borgarleikhúsið.



Allir fóru svo í Nexus og Reykjavík escape og enduðu svo í Perlunni áður en við fórum heim.

Kerhólskóli heldur svo næstu smiðjudaga núna 9. og 10. febrúar. Þá verður boðið upp á fjöldan allan af mismunandi smiðjum bæði í skólanum, á Úlfjótssvatni, á Sólheimum og á Selfossi.

SKÓLINN

Við gerðum skemmtilegt dönsku verkefni fyrir áramót þar sem við bjuggum til brúður og leikmyndir, sem voru svo notaðar í að taka upp H.C. Andersen ævintýri. Ævintýrin voru Hans klaufi, Prinsessan á bauninni og Litla stelpa með eldspýturnar. Sumir notuðu sphero kúlur til að hreyfa brúðurnar en sphero kúlur eru lítil vélmenni sem maður keyrir eða forritar.



Í náttúrufræði tókum við svo upp heimildarmynd. Við svörðum spurningum og skrifuðum handrit út frá spurningunum og bjuggum til Story board.

Í íslensku lærðum við að búa til app í keynote um orðflokka svo sem sagnorð, lýsingaorð, nafnorð, atviksorð og fornöfn. Við lærðum mjög mikið af þessu bæði um okkar orðflokka og annara og svo kynntum við verkefni fyrir miðstigi. Svo nýlega gerðu allir heimildaritgerð um mörg skemmtileg umfjöllunarefni.



HEIMSÓKN Í VIRKJUN

Við heimsóttum í haust Hellisheiðarvirkjun. Þar er framleitt rafmagn með háhita og vatni, koltvíoxíð er dælt ofan í jörðina til binda gróðurhúsalofttegundir og borað fyrir gufu sem hitar vatn sem nýtt er til kyndingar á Reykjavíkursvæðinu. Þar var líka skemmtilegt herbergi þar sem fólk gat lagst niður og slakað á með fallegum myndum af náttúrunni.




FYRIRLESTRAR

Það hafa verið haldnir nokkuð margir fyrirlestar það sem af er vetri. Fyrst var Geðlestin, þar var fjallað um mikilvægi þess að rækta geðheilsuna og endaði fyrirlesturinn á því að rapparinn Flóni söng nokkur lög.



Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur, heimsótti okkur og hélt sláandi fyrirlestur um að verða besta útgáfan af sjálfum sér og að rækta hæfileika sína, einnig kom Indíana Rós, kynfræðingur, og var með mjög góða kynfræðslu. Þetta var allt fyrir áramót en núna í janúar kom Snævar Ívarsson og hélt fræðslu um lesblindu og góð úrræði fyrir lesblinda. Þessir fyrirlestrar voru allir mjög gagnlegir og höfðu til okkar.



SÍÐBÚIN LITLU JÓL


Litlu jólin haldin snemma á nýju ári en ekki í desember. Það var vegna ófærðar. Það var mjög mikil stemming þó að litlu jólin hafi verið haldin á síðustu stundu eða á þrettándanum. 10. bekkur útbjó spurningakeppni fyrir nemendur og stjórnuðu henni, í verðlaun voru svo blýantar og dagbækur. Við fengum hátíðarmat samkvæmt venju og dönsuðum í kring um jólatréð.

TINTRON

Að venju tók björgunarsveitin á móti okkur til að kynna starfsemi sína og bjóða öllum að taka þátt í unglingsstarfsemi hennar.



LEGÓ KEPPNI



Í haust stofnuðu 5 nemendur af unglingsastigi lið sem hét Ludus .85 og tóku þátt í *First Lego League* Legó keppninni sem var haldin í Háskólabíói. Undirbúningur hafði staðið yfir í 2-3 mánuði undir umsjón Rögnu Björnsdóttur og hann fólst í því að hanna, byggja og forrita Legó vélmenni sem heitir *Spike prime*. Keppnin snérist um að safna sem flestum stigum á tveimur og hálfri mínútu. Allt gekk vel og liðið náði öllum markmiðum sínum og enduðu í einu af efstu sætunum.



AÐ GEFNU TILEFNI !

Vertu góður hundaeigandi & nágranni og hirtu upp skítinn eftir hundinn þinn :)

Hann getur það ekki sjálfur !





SUMAR 2023

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Í boði eru spennandi störf á nær öllum sviðum fyrirtækisins og starfsstöðvum okkar um landið. Starfsstöðvar Landsvirkjunar eru í Reykjavík, á Sogssvæði, Þjórsársvæði, í Fljótsdal, Mývatnssvæði, við Láxárstöðvar og Blöndustöð.

Kynntu þér þau fjölbreyttu störf sem eru í boði!

Opið er fyrir umsóknir

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar

Sótt er um störf in á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/sumarstorf





VERZLUNIN BORG

OPNUNARTÍMI FRÁ 1. SEPTEMBER 2022
MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA 10:00 - 18:00
SUNNUDAGA 12:00 - 16:00
SÍMI: 551 7509








**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**

jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.



Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps

Opnunartímar

Mánudaga – 15:00 til 17:00

Þriðjudaga – 15:00 til 17:00

Miðvikudaga – 10:00 til 12:00



Kvöldopnun:

Þriðjudag 7. febrúar frá 19:30 til 22:00 *Handverksskvöld*

Fimmtudag 16. febrúar frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2023

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlámsgagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.



Handverksskvöld
7. febrúar kl. 19:30

á Bókasafni Grímsnes og Grafningshrepps. Endilega
kíkið og hafið með ykkur handverk, öll velkomin.

Kæru íbúar,

Nú er sól tekin að hækka á lofti og er það alltaf gleðilegt, sérstaklega þegar miklar sviptingar hafa verið í veðri líkt og síðustu vikurnar.

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 var samþykkt og tók gildi í desember, mikilli og langri vinnu lauk þar með og er það virkilega gleðilegt.

Við förum inn í nýja árið af miklum hug og mörg verkefni framundan sem sveitarstjórn ákvað að ráðist yrði í eins og fram kemur í fjárhagsáætlun sem staðfest var í desember.

Hið árlega Þorablót var haldið um síðastliðna helgi og var það virkilega vel heppnað og algjörlega frábær skemmtiatriði og umgjörðin öll vel heppnuð, nefndin á þakki skyldar og sömuleiðis óska ég nýrri nefnd góðs gengis í sínum undirbúningi. Vonandi líður ekki eins langur tími milli blóta í þetta skiptið eins og síðast.

Nú standa yfir viðgerðir á þaki Félagsheimilisins, en þar var kominn leki niður í húsið sem var farinn að brjótast í gegnum vegg svo ekki þótti ráðlegt að geyma þær viðgerðir þar sem húsið lá undir skemmdum hefði ekkert verið að gert.

Sólarkveðja,
Íða Marsibil
Sveitarstjóri




Fráfarandi þorablótsnefnd



Blakæfingar á Borg

Miðvikudagar kl. 16:30
Öll velkomin, byrjendur og lengra komnir.
Þjálfari: Guðrún Ása

Tilvalið að drífa sig af stað og prófa í tilefni lífshlaupsins.
Gott fyrir líkama og sál.



Svæðisskipulag fyrir Suðurnálandið - Tillaga til kynningar

Opinn kynningarfundur á tillögu að svæðis-
skipulagi Suðurnálands verður haldinn á
Hótel Selfossi 8. febrúar nk. kl. 17:00 - 19:00.

Fundinum verður einnig streymt,
sjá nánar á www.sass.is.

**Svæðisskipulagsnefnd
fyrir Suðurnálandið**

Íbúafundur um umhverfismál Félagsheimilinu Borg

22. febrúar kl. 19:30

Málefni fundarins tengjast öll umhverfismálum og eru
blanda af upplýsingum til íbúa og umræðum þar sem
íbúar hafa tækifæri til að koma sínum hugmyndum og
skoðunum á framfæri.

Hvert viljum við stefna í umhverfismálum? Erum við að
gera nóg?

- Fræðsla um hringrásarhagkerfið og lagabreytingar
- Íslenska gámafélagið fræðir okkur um flokkun
- Kynning á drögum að loftslagsstefnu sveitarfélagsins
- Kynning á innleiðingu **Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun** og umræða um hvaða áherslur íbúar sjá fyrir sér.

Vonumst til að sjá sem flesta
Kaffiveitingar í boði



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Leiðir til að auka virkni í daglegu lífi

Ganga
stiga í stað
þess að
nota lyftur

Velja
bílastæði
þannig að
þú þurfir að
ganga
meira

Stattu á
tám eða
öðrum fæti
þegar þú
bíður í röð

Keyrðu
bara ef þú
getur ekki
gengið á
staðinn

Gerðu
húsverkin
rösklega

Eldaðu
matinn
þinn

Finndu
þér féлага
í reglulega
göngutúra

Skoraðu á
sjálfan þig
við hvert
tækifæri

Röltu um á
meðan þú
talar í
símann




Girðingarvinna

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir aðila til að sjá um viðhald á veggirðingum meðfram stofnvegum í sveitarfélaginu. Viðkomandi þarf að hafa kunnáttu til girðingarvinnu og hafa bíl og/eða dráttarvél til umráða.

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri. Umsóknarfrestur er til 15. mars n.k. og óskast umsóknum skilað skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins eða með tölvupósti á netfangið

sveitarstjori@gogg.is





Sveitarstjórn 539. fundur 18. janúar 2023
kl. 09:00–12:00 Stjórnsýsluhúsinu Borg

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Þorkell Þorkelsson í fjarveru Dagnýjar Davíðsdóttur
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iða Marsibil Jónsdóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða.

a) **Fundargerð aukafundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 10. janúar 2023.**

1. Fundargerðir.

a) **Fundargerð 252. fundar skipulagsnefndar UTU, 11. janúar 2023.**

Mál nr. 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19 og 26 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 252. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 11. janúar 2023.

Mál nr. 12, Snæfoksstaðir (L168278); byggingarheimild; fjarskiptamastur – 2301005.

Fyrir liggur umsókn Gautar Þorsteinssonar fyrir hönd Nova hf. með umboð landeiganda, móttokin 21.12.2022 um byggingarheimild til að reisa 8m fjarskiptamastur á jörðinni Snæfoksstaðir (L168278) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu. Málið verði kennt lóðarhöfum Kolgrafarahólsveggar 2, 4 og 6 og Austurheiðarveggar 8, L169527.

Mál nr. 13, Borg þéttbýli; Verslunar-, þjónustu- og íbúðalóðir við Miðtún; Deiliskipulag. – 2210039.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa.

Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðabyggingu. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Skipulagstillagan var kynnt frá 1.12.22 - 22.12.22 engar athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins

Mál nr. 14, Minni-Bær beitiland L168265; Breyting landnotkunar; Fyrirspurn – 2301010.

Lögð er fram fyrirspurn vegna Minni-Bæjar beitilands, L168265. Í fyrirspurninni felst að óskað er eftir því að unnin verði óveruleg breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps sem tekur til viðkomandi lands með þeim hætti að frístundasvæði breytist í landbúnaðarsvæði L3.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn og leggur til að unnin verði óveruleg breyting á aðalskipulagi sem tekur til viðkomandi landspildu með fyrirvara um skriflegt samþykki landeigenda aðliggjandi landeigna.

Mál nr. 15, Álfaskeið L233749; Framkvæmdarleyfi – 2301012.

Lögð er fram umsókn frá Skógarálfum ehf. um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á landi Álfaskeiðs. Óskað er eftir áframhaldandi framkvæmdarleyfi til viðbótar gróðursetningar á 57,7 ha. Nú þegar er búið er að gróðursetja í um 75 ha sem búið er að veita framkvæmdarleyfi fyrir. Áætlunin gerir ráð fyrir því að gróðursett verði í samtals í 132,7 ha sbr. meðfylgjandi ræktunaráætlun. Við gildistöku nýs aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps kemur fram undir almennum skilmálum er varðar skógræktar- og landgræðslusvæði, að skógrækt er heimil á landbúnaðarlandi í flokkum L2 og L3 og skjólbeltarækt er heimil alls staðar í byggð. Viðkomandi svæði fellur undir þá landnýtingu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að málið verði grenndarkynnt með sambærilegum hætti og fyrra framkvæmdaleyfi sem gefið var út vegna skógræktar í umræddu landi.

Mál nr. 16, Grænahlíð opið svæði L233882; Veglagning; Framkvæmdarleyfi – 2212095.

Lögð er fram beiðni frá Brúarholti ehf. er varðar framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu í landi Grænuhlíðar. Framkvæmdin byggir á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar helstu forsendur leyfisins koma fram innan gildandi deiliskipulags Grænuhlíðar.

**Mál nr. 17, Brúarey 3 L225702; Úr sumarhúsi í íbúðarhús;
Deiliskipulagsbreyting – 2212092.**

Lögð er fram umsókn frá Ara Sigurðssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Brúarey 3, L225702. Í breytingunni felst að gert verði ráð fyrir íbúðarhúsi í stað frístundahúss innan deiliskipulags.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan deiliskipulagssvæðisins.

**Mál nr. 18, Brekkur 8 L225993 og Brekkur 9 L219238; Stækkun bygg.reita;
Deilisk.breyting – 2212069.**

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Efri-Brúar sem tekur til lóða Brekkur 8, L225993 og Brekkur 9, L219238. Í breytingunni felst að byggingarreitir beggja lóða eru skilgreindir í 10 metra fjarlægð frá innbyrðis lóðarmörkum á milli lóðanna. Lóðirnar eru í eigu sama aðila.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt sumarhúsafélagi svæðisins.

Mál nr. 19, Villingavatn L170953; Villingavatn L170831; Stækkun lóðar – 2212094.

Lögð fram umsókn Kjartans G. Jónssonar er varðar stækkun lóðarinnar Villingavatn L170953. Lóðin er í dag skráð 5.533 fm en verður 8.053 fm eftir stækkun. Stækkunin kemur úr jörðinni Villingavatn L170831.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við framlagða tillögu að stækkun lóðarinnar

Mál nr. 26., Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 23 – 176 – 2212003F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-176 lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 1. fundar vinnuhóps um Atvinnumálastefnu Uppsveitanna, 29. september 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 2. fundar vinnuhóps um Atvinnumálastefnu Uppsveitanna, 10. Nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs., 15. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 47. fundar stjórnar Bergrisans bs., 30. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

f) Fundargerð 48. fundar stjórnar Bergrisans bs., 19. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 1. stjórnar Arnardrangs hses., 19. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð félagafundar Sorpstöðvar Suðurlands, 4. janúar 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 22. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis, 22. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 23. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis, 15. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 54. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 12. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 916. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 14. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Gullna hringborðið, fundur á Hakinu Þingvöllum, 23. nóvember 2022, minnisblað.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Reglugerð Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggja drög að nýrri reglugerð fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Í nýrri reglugerð er m.a. skert á ákvæðum um staðsetningu tengigrindar og aðgengi starfsmanna veitunnar að inntaksrými. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

3. Viðmiðunarreglur fyrir Drekgil, frístundaheimili Kerhólsskóla.

Lagðar fram til staðfestingar viðmiðunarreglur fyrir Drekgil, frístundaheimili Kerhólsskóla.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða viðmiðunarreglurnar.

4. Starfsskrá frístundastarfs í Grímsnes- og Grafningshreppi vegna ársins 2023.

Lögð fram til staðfestingar starfsskrá frístundastarfs í Grímsnes- og Grafningshreppi vegna ársins 2023.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða starfsskrána.

5. Skipan fulltrúa í fjallskilaneftnd.

Fyrir liggur að Antonía Helga Guðmundsdóttir hefur beðist lausnar frá störfum sem aðalmaður í fjallskilaneftnd Grímsnes- og Grafningsshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Guðrún S. Sigurðardóttir verði aðalmaður í stað Antoníu Helgu út kjörtímabilið 2022-2026. Antonía Helga Guðmundsdóttir verður jafnframt varamaður Guðrúnar. Sveitarstjórn leggur til að fjallskilaneftnd geri tillögu að formanni nefndarinnar og felur sveitarstjóra að boða til fundar með fjallskilaneftnd.

6. Erindi til sveitarstjórnar frá Örvari Hólmarssyni vegna Minniborga ehf.

Fyrir liggur erindi frá Örvari Hólmarssyni fyrir hönd Minniborga ehf., þar sem farið er þess á leit við sveitarstjórn að sveitarfélagið færi gjalddaga fasteignagjalda sem nú eru í vanskilum til 1. maí 2023. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða og felur sveitarstjóra ásamt lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., að svara erindinu.

7. Bréf frá Innviðaráðuneytinu er varðar barnaverndarþjónustu og umdæmisráð.

Lagt fram til kynningar bréf frá Innviðaráðuneytinu dagsett 13. desember 2022 vegna breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002 sem fjalla um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar. Í bréfinu er að finna leiðbeiningar til sveitarstjórna varðandi endurskoðun samþykktu um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélaga af þessu tilefni.

8. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II að Stapa Lóð 10 fnr 231-5676.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. desember 2022, um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II að Stapa Lóð 10 fnr 231-5676.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggjast gegn útgáfu rekstrarleyfis á grundvelli laga nr. 85/2007 í flokki II að Stapa lóð 10, fnr 231-5676 á þeim grundvelli að leyfisveitingin samræmist ekki heimildum gildandi deiliskipulags svæðisins.

Sveitarstjórn bendir á að heimildir aðalskipulags Grímsnes- og Grafningsshrepps 2020-2032 gera ráð fyrir að gististarfsemi geti verið á fristundasvæðum. Þó er gerð krafa um að gististarfsemi sé skilgreind í skilmálum gildandi deiliskipulags. Heimildir fyrir gististarfsemi innan deiliskipulags eru háðar því að fjöldi bílastæða innan lóðar sé fullnægjandi og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðisins leggist gegn starfseminni við breytingu á deiliskipulagi eða við gerð nýs deiliskipulags.

9. Úrskurðarneftnd Umhverfis- og auðlindamála, tilkynning um kæru mál nr. 147/2022.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 147/2022 frá Úrskurðarneftnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð er stjórnarsýsluleg „meðferð sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningsshrepps í tengslum við stjórnvaldsákvæðanir sveitarfélagsins og samþykktar breytingar á aðal- og deiliskipulagi sem brjóti gegn jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga, skipulagslögum og margvíslegum reglum stjórnsýslulaga.“

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Vigfúsi Þór Hróbjartssyni skipulagsfulltrúa að svara kærinni í samráði við lögmann sveitarfélagsins Óskar Sigurðsson hrl.

10. Úrskurðarneftnd Umhverfis- og auðlindamála, tilkynning um kæru mál nr. 150/2022.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 150/2022 frá Úrskurðarneftnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps um samþykkt á deiliskipulagsbreytingu vegna lóðarinnar Kerhraun C88 (Hraunborg C88). Vegna framkominnar stöðvunarkröfur var farið fram á að úrskurðarneftndin fengi í hendur gögn er málið varðar fyrir 6. janúar s.l., Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi skilaði inn umbeðnum gögnum fyrir tiltekinn tíma. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Vigfúsi Þór Hróbjartssyni skipulagsfulltrúa ásamt lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að svara kærinni fyrir hönd sveitarfélagsins.

11. Úrskurðarneftnd umhverfis- og auðlindamála, bráðabirgðaúrskurður í máli nr. 150/2022.

Fyrir liggur bráðabirgðaúrskurður frá Úrskurðarneftnd umhverfis- og auðlindamála í mál nr. 150/2022 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps um samþykkt á deiliskipulagsbreytingu vegna lóðarinnar Kerhraun C88 (Hraunborg C88), ásamt því að farið var fram á stöðvun framkvæmda og frestun réttaráhrifa. Bráðabirgðaniðurstaða nefndarinnar var að hafna kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda og um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu deiliskipulagsákvörðunar. Lagt fram til kynningar.

12. Stefnumótun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árin 2023-2028.

Lögd er fram til kynningar skýrsla um stefnumótun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árin 2023-2028. Sveitarstjórn þakkar starfsmönnum Héraðsskjalasafnsins vel unna og metnaðarfulla skýrslu um stefnumótun safnsins og tekur heilshugar undir þá framsýni sem þar kemur fram.

13. Sérdeild Suðurlands, Setrið, uppsögn á þjónustusamningi.

Fyrir liggur bréf frá fjölskyldusviði sveitarfélagsins Árborgar, dagsett 27. desember 2022 þar sem fram kemur að þjónustusamningi um sérdeild Suðurlands, Setrið er sagt upp. Lagt fram til kynningar.

14. Tilkynning frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna sérdeildar Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, dagsett 29. desember 2022, vegna þjónustusamnings um sérdeild Suðurlands vegna mögulegrar afturköllunar staðfestingar mennta- og barnamálaráðherra á reglum um innritun og útskrift nemenda vegna sérdeildar Suðurlands. Lagt fram til kynningar.

15. Svæðisskipulag Suðurlandis, ósk um umsögn um greinargerð og umhverfisskýrslu.

Fyrir liggur tölvupóstur frá svæðisskipulagsnefnd Suðurlandis, dagsettur 13. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögnum frá sveitarfélögum sem tilheyra Suðurlandi fyrir 12. febrúar 2023. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða greinargerð og umhverfisskýrslu.

16. Aukaaðalfundur Bergrisans bs.

Fyrir liggur tölvupóstur, dagsettur 10. janúar 2023, frá Írisi Ellertsdóttur, verkefnastjóra í málefnum fatlaðs fólks hjá Bergrisanum bs., þar sem kemur fram að stjórn Bergrisans hefur samþykkt að boða til aukaaðalfundar þann 20. febrúar næstkomandi klukkan 13-16. Lagt fram til kynningar og sveitarstjóra falið að skila inn kjörbréfum í samræmi við bókun frá 527. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 1. júní 2022.

17. Skýrsla um stjórnýslu og rekstur Bergrisans bs.

Fyrir liggur skýrsla um stjórnýslu og rekstur Bergrisans bs. Lagt fram til kynningar.

18. Önnur mál.

a) Fundargerð aukafundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 10. janúar 2023.

Lögð er fram til kynningar fundargerð aukafundar Héraðsnefndar Árnesinga bs. sem haldinn var 10. janúar 2023.

Einnig liggur fyrir bréf frá formanni framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar, Helga Kjartanssyni, dagsett 16. janúar 2023. Í bréfinu er óskað eftir samþykki sveitarstjórna sem að Héraðsnefndinni standa á kaupum og framkvæmdum og þeim lánsskuldbindingum sem þeim fylgja vegna kaupa á Hellismýri 8 í Sveitarfélaginu Árborg, fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.



Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319

Eldri borgarar í Grímsnes- og Grafningshreppi

Nú er búið að birta könnun fyrir eldri borgara á facebook hópi eldri borgara og á heimasíðu sveitarfélagsins. Könnunin verður opin til 15. febrúar.

Við hvetjum alla eldri borgara til að taka þátt í könnuninni svo að við fáum sem besta mynd af þeirra óskum og hugmyndum.

Ef einhverjir óska eftir því að fá könnunina frekar senda í tölvupósti eða á pappírformi, þá má senda tölvupóst á gudrunasa@gogg.is eða hringja á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 4805500.

Einnig vil ég aftur vekja athygli á því að ákveðið hefur verið að hafa ræktina opna fyrir eldri borgara á milli kl. 10:00 og 11:00 mánudaga til fimmtudaga og hægt að fara í pottinn eftir það á mánudögum og fimmtudögum til kl. 12:00 þegar lokar vegna hádegishlé starfsmanna.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Bestu kveðjur
Guðrún Ása
Heilsu- og tómstundafulltrúi

Opnunartími Völu og Grænu könnunar



Janúar til apríl 2023


Opið mánudaga til laugardaga frá 11 til 16

Mötuneyti opið frá 11:30 til 13:30

Verktakar og vinnufólk athugið!
Mötuneytið á Sólheimum er opið öllum.
Mömmumatur í bland við grænmetis og veganrétti



Tilboð fyrir hópa
Allar upplýsingar í síma 891-7782



Stórsöngvarinn og látúnsbarkinn Bjarni Ara flytur Elvis Presley lögin af sinni alkunnu sníld á heiðurstónleikum laugardagskvöldin 4. 11. og 18 febrúar 2023.

Með sýningunni verður boðið upp á glæsilegan 3 rétta kvöldverð.

Borðapantanir eru frá kl 18:00 og sýning hefst kl 20:30.

Verð: 13.900 kr á mann. Einnig er hægt er að bóka miða með gistingu.

Ekki láta þennan einstaka viðburð framhjá þér fara!

Miðapantanir á

www.grimsborgir.is

ÍPRÓTTAMIDSTÖÐIN BORG

Vetrar-Opnunartími

Frá 21. ágúst

FRÁ 21. ÁGÚST 2022

MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA

14:00 - 21:30

FÖSTUDAGA, LOKAÐ

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

10:00 - 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN
Í LAUGINA 20 MÍNÚTUM
FYRIR LOKUN

NETFANG: SUNDLAUG@GOGG.IS
SÍMI 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is